# Stuðningur við framkvæmd á Stjörnuhlaupi Garðabæjar

1. Markmið samningsins er að gera Stjörnuhlaupið að stórum almenningsviðburði í Garðabæ með fjöldaþátttöku.
2. Hlaupahópur Stjörnunnar er eigandi Stjörnuhlaupsins, sér um alla framkvæmd við hlaupið og ber ábyrgð á því.
3. Garðabær styrkir framkvæmd Stjörnuhlaupsins til þriggja ára, 2021, 2022 og 2023 um kr. 800.000,- á ári auk þjónustu frá starfsmönnum bæjarins varðandi umgjörð hlaupsins t.d. varðandi fánaborgir og búnað til að stýra umferð.
4. Greiðslur Garðabæjar til Stjörnuhlaupsins eru í samráði við íþróttafulltrúa og fjármálastjóra Garðabæjar
5. Framkvæmdaraðilanum er heimilt að:
    a. móta hlaupaleiðir og vegalengdir,
    b. afla sér tekna af hlaupinu,
    c. bjóða þjónustu við þátttakendur eftir því sem þeir telja best.
6. Stjórn Stjörnuhlaupsins er skipuð af hlaupahópi Stjörnunnar. Íþróttafulltrúi Garðabæjar er tengiliður þeirra við Garðabæ.
7. Falli hlaupið niður, falla greiðslur Garðabæjar einnig niður og getur ÍTG þá yfirtekið hlaupið og falið öðrum framkvæmd þess.
8. Samningur þessi er uppsegjanlegur með eins árs fyrirvara.

Garðabæ, ………. maí 2021

f.h. Garðabæjar

| | |
|---|---|
| ………………………………………………….. | ……………………………………………………… |
| Gunnar Einarsson, bæjarstjóri | f.h. Stjörnunnar |

Vottar:

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026